



## 2. skólaráðsfundur 12.10.2021 kl 8:10 – 8:50

**Fundarstjóri:** Ingibjörg Magnúsdóttir

**Fundarritari:** Fjóla

**Mættir:** Ingibjörg Magnúsdóttir skólastjóri, Björk Hjaltalín Stefánsdóttir fulltrúi kennara., Hilmar Snorrason fulltrúi foreldra, Arna Rut fulltrúar nemenda og Fjóla Sigrún Sigurðardóttir deildarstjóri tómstundamiðstöðvar.

### 1. Innra matsáætlun kynnt

Búið að gera 3 ára áætlun. Matið tengt við það sem við gerum hér og á starfsmannafundum. Þetta hjálpar okkur að halda betur utan um málin og fylgja þeim eftir.

### 2. Skólanámskrá

Þurfum að skila inn á hverju ári til Hafnarfjarðarbæjar, hún er öll komin inn á netið núna. Búið að uppfæra fyrir þennan vetur. Starfsáætlun er líka komin inn á netið.

### 3 Umbótaáætlun

Vinum umbótaráætlun út úr öllum starfsmannakönnunum, nemendakönnunum, starfsmannasamtölum og fleira. Farið yfir umbótaráætlunina og farið yfir upphaf verks og áætluð verklok fyrir hvern lið.

### 4.UDL farið yfir stöðuna

Starfsmenn eru að stefna af fara til Boston til að fara á námskeið og í skólaheimsóknir. Erum með UDL teymi og þau eiga að koma með fræðslumola í Skarðspóstinn sem fer til starfsmanna í hverri viku og eiga að koma með fræðslu á öllum kennarafundum.

### 5. Tónlistar, leik og grunnskóli- þróunarverkefnið Saman í takt

Byrjuðum með samsöng í seinustu viku, þá var leikskólinn og 1.-4.bekkur. Í dag er samsöngur hjá 5.-10.bekk. Nemendur hjá okkur sem eru að læra í tónlistarskólanum sýna atriði. Okkar nemendur fara í tíma í tónlistarskólanum á skólatíma. Erum með kennarar sem heldur utan um þetta verkefni fyrir alla skólana, kennir hjá öllum skólunum og skipuleggur viðburði.

### 6. Vaxtarhugarfar – verkefni Hafnarfjarðar kynnt

Verkefnið er stöpp hjá Hafnarfjarðarbæ og er verið að leita nýrri leiða til að geta halda verkefninu áfram.

**7. Gengið um skólann og skoðað hvað er gott og hvað þarf að bæta.** (Sbr. hlutverk skólaráðs í lögum: fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Þessum lið frestað fram að næsta fundi.

**8. Ytra matið,** gekk vel og matsmenn voru ánægðir með það sem þeir sáu. Nú höfum við fengið drög að skýrslu sem við eigum að lesa yfir og koma með endurmat á áður en skýrslan verður gefin formlega út. Eftir það hafa þær viku til að bregðast við okkar athugasemdum og síðan fer skýrslan í formlegt ferli til bæjarstjóra, fræðslustjóra, fræðsluráð og til okkar. Þá fer skýrslan einnig á heimasíðu



# SKARÐSHLÍÐARSKÓLI

SAMVINNA · VINÁTTA · ÞRAUTSEIGJA

MMS. Við munum þurfa að gera viðbragðsáætlun sem við skilum af okkur og hún verður einnig birt á heimasíðu MMS.

9. **Líðan fundir**, okkar upplifun að þeir hafi gengið vel og foreldrar séu almennt ánægðir með þá. Við ætlum að senda út könnun til foreldra og fá viðbrögð frá þeim til að við getum lagað fundina og umræðuefnið ef þörf er á.

## 10. Önnur mál

- Nemendastýrðsamtölin gengu vel en það kom athugasemd að það væri gott að senda könnun á nemendur. Könnun verður líka send á foreldra.
- Foreldrafélagið sendi bréf á bæinn um skólalóðina og fengu þær upplýsingar að skólinn væri aftastur á röðinni varðandi það að fá leikvelli málaða á lóðina.
- Foreldrafélagið er búið að fá tilboð í bolta og annað og ætla að afhenda skólanum.
- Foreldrafélagið er tilbúið að styrkja vinaliðaverkefnið ef skólinn hefur áhuga. Skólanum falið að kanna hvað verkefnið kostar.
- Félagsmiðstöðin er með sleepover 5.nóvember fyrir alla unglिंगadeildina.
- Kom upp athugasemd að það er mikið um ofbeldi hjá 8.bekk og unglिंगum finnst ekki nóg gæsla á göngunum. Einnig finnst þeim að þeir sem eru með ákveðið orð á sér oft kennt um allt, eiga erfitt með að sanna sig upp á nýtt.
- Minnst á matarsóunina, erum að fara í það verkefni. Spurning um að hafa þetta sem keppni á milli árganga.